

Ársfundur 2009

Skýrsla rektors á ársfundi Listaháskóla Íslands 25. nóvember 2009

- starfsárið 08 - 09

Starfsemi stjórnar:

Ársfundur 2008 haldinn 24. nóvember. Sérstaklega var fjallað um viðbrögð skólans við gjörbreyttu efnahagsástandi og framtíð byggingamála. Fundargerð og skýrslur liggja fyrir á vefsvæði skólans.

Stjórnarfundir 08 - 09 voru alls 15.

Skipan stjórnar: Karólína Eiríksdóttir, formaður
Sigurður Nordal, varaformaður
Pétur Einarsson
Kristinn E. Hrafnsson, ritari
Stefán Pétur Eggertsson.

Stjórn skólans starfar í samræmi við skipulagsskrá skólans og eftir sérstökum starfsreglum frá 2004 þar sem kveðið er á um skipulag stjórnarstarfa, starfshætti, hlutverk og skyldur stjórnarinnar. Starfsreglur og skipulagsskrá er að finna á vefsvæði skólans.

Samstarf stjórnar og stjórnenda fer fram með ýmsum hætti, m.a.:

- Rektor situr stjórnarfundum og er tengiliður stjórnar við starfsemina.
- Framkvæmastjóri situr fundum stjórnar eftir því sem tilefni kalla á.
- Lögfræðingur skólans veitir stjórn ráðgjöf og vinnur að sértækum verkefnum.
- Deildarforsetar og forstöðumenn eru kallaðir til fundum við stjórn um einstök mál er varða þeirra málefni sérstaklega.
- Haldnir eru sameiginlegir fundir stjórnar og stjórnenda eftir því sem tilefni gefa til.
- Stjórnarmenn sækja síðustu lotu vinnufundar stjórnenda að vori.

Fundir stjórnenda og samráð:

Bókaðir fundir stjórnenda skólans voru alls 18 starfsárið 2008 – 09. Til þeirra fundum eru boðaðir auk rektors deildarforsetar skólans, framkvæmdastjóri og forstöðumaður háskólaskrifstofu. Aðrir einstakir forstöðumenn eru boðaðir á fundum eftir því sem tilefni gefa til.

Háskólafundur með stjórnendum skólans og kennurum var haldinn 2. júní. Aðalefni fundarins voru tvö: kynning á niðurstöðum könnunar á meðal brautskráðra nemenda, og umræður um framtíð skólans í stofnanakerfi háskólanna í ljósi nýútkominna skýrslna um háskóla- og vísindamál.

Tölfræði um nemendur:

Fjöldi nemenda sem stunduðu nám við skólann 08 – 09 var alls 450. Karlar voru 40,9% og konur 59,1%. Þetta eru 67 nemendum fleiri en stunduðu nám við skólann árið áður, eða fjölgun um 17,5%. Mest munar um fjölgun nemenda í leiklistardeild, kennaranámi og í hönnunardeild.

Hlutfall karla og kvenna var aðeins jafnara skólaárið 07 - 08 en árið áður. Mestur munur á fjölda eftir kyni var í kennaranámi og í myndlistardeild þar sem konur voru í talsverðum meirihluta. Það vekur athygli að talsvert fleiri karlar stunduðu nám í leiklistardeild en konur. Hlutfallið var nokkuð jafnt í tónlistardeild.

Skiptinemar erlendis frá sem stunduðu nám hér voru þetta sama ár alls 34, frá hinum ýmsu Evrópulöndum. Þrír þeirra stunduðu nám á báðum námsönnum. Fjöldi skiptinema sem fór héðan frá skólanum til náms erlendis var 29 sem er svipuð tala og árið áður.

Nú í haust voru teknir inn 133 nýir nemendur, þar af karlar 39% og konur 61%. Tekið var inn í allar deildir nema leiklistardeild þar sem tekið er inn annaðhvort ár.

Alls eru skráðir í skólann núna á haustönn 449, sem er þvínæst sami fjöldi nemenda og á síðasta skólaári. Búast má við einhverjum breytingum á þeim fjölda eftir því sem líður á skólaárið.

Útskrift vorið 2009:

Útskrift skólans fór fram með hátíðarsamkomu í Borgarleikhúsinu 30. maí í Borgarleikhúsinu. Hlíf Svavarsdóttir, dansari, hélt hátíðarræðu. Að venju komu fram góðir listamenn við athöfnina. Það er sérstaklega markvert að í fyrsta sinn útskrifuðust nemendur með bakkalárpróf af dansbraut. Auka útskrift er að hausti.

Alls útskrifuðust frá skólanum 135 nemendur, sem eru 29 nemendum fleiri en árið áður. Þeir skiptast þannig eftir deildum:

Hönnunar- og arkitektúrdeild:	50 (15 fleiri en árið áður)
Myndlistardeild:	24 (1 fleiri en árið áður)
Leiklistardeild:	19 (10 fleiri en árið áður)
Tónlistardeild:	18 (5 færri en árið áður)
Kennaranám:	24 (8 fleiri en árið áður)

Fjöldi umsókna um nám:

Umsóknir um nám fyrir síðasta skólaár, þ.e. fyrir skólaárið 2007- 08, voru alls 585, um 35% þeirra voru frá körlum, um 65% frá konum. Þetta eru 173 umsóknum fleiri en árið þar áður, og skýrist sá munur að stórum hluta af því að þá var ekki auglýst eftir umsóknum um nám í leiklistardeild.

Flestar voru umsóknirnar um hönnunar- og arkitektúrdeild eða 242 og næstflestar um leiklistardeild eða 175. Umsóknir um myndlistardeild voru 87, 56 umsóknir um tónlistardeild og 25 umsóknir um kennaranám.

Af þessum 585 umsækjendum voru teknir 166 nýir nemendur haustið 2008, eða 28,3% þeirra sem sóttu um nám.

Umsóknir síðastliðið vor fyrir nám núna í haust voru 536, sem er 49 umsóknum færri en bárust í fyrra. Þessi fjöldi verður þó að teljast mjög mikill því ekki var í ár auglýst eftir umsóknum um nám í leiklistardeild.

Sé borinn saman fjöldi umsókna 2008 og 2009 í öllum deildum nema leiklistardeild þá kemur í ljós að um er að ræða fjölgun umsókna sem nemur 31%. Þetta er athyglisvert í ljósi efnhagskreppu í landinu.

Eins og kom fram hér fyrir í skýrslunni voru teknir inn í haust 133 nýir nemendur af þessum 536 sem sóttu um nám, sem er 24,8% inntökuhlutfall.

Inntökuhlutfallið hefur nú síðustu árin farið lækkandi, þ.e. umsækjendur verða sífellt fleiri og fleiri um hvert laust pláss. Þetta hlutfall var 31% 2006, líka 31% 2007, 28,3% 2008, og 24,6% nú í ár. Á sama tíma eru umsóknir almennt að verða vandaðri og sterkari.

Tölfræði um starfsmenn:

Alls voru stöðugildi við Listaháskólann skólaárið 2008 – 09 92,2.

Miðað við nemendafjöldann 450 nemendur, þá var skólaárið 2008 - 09 að meðaltali 0,202 stöðugildi á hvern nemanda, eða u.þ.b. einn starfsmaður í fullu starfi fyrir hverja fimm nemendur.

Störfin skiptast þannig:

Kennarar og deildarforsetar:	61,2 stöðugildi
þar af 41,6 stöðugildi fastráðinna kennara og deildarforseta og 19,6 stöðugildi fyrir stundakennara.	
Starfsfólk stoðsviða:	31 stöðugildi
þ.m.t. starfsmenn háskólaskrifstofu, starfsmenn bókasafns, rannsóknþjónustu, tölvusviðs, mötuneytis, fjármálaskrifstofu, framkvæmdastjóri og rektor.	

Hlutfall stöðugilda fastra kennara og stundakennara er u.þ.b. tvö á móti einu, þ.e. 65,7% á móti 34,3%.

Breytingar á ráðningum fastra starfsmanna:

Akademískir starfsmenn.:

Rektor, Hjálmar H. Ragnarsson, endurráðinn frá 1. janúar síðastliðnum til fimm ára.

Deildarforseti leiklistardeildar, Ragnheiður Skúladóttir, var endurráðin til þriggja ára frá og með 1. ágúst síðastliðnum

Kristín Valsdóttir, var ráðin frá 1. ágúst til þriggja ára sem forseti nýstofnaðrar listkennsludeildar.

Arnþrúður Ösp Karlsdóttir lét af störfum sem forstöðumaður kennaranáms. Arnþrúður hefur starfað við skólann frá stofnun hans.

Háskólakennarar í myndlistardeild:

Hulda Stefánsdóttir hóf störf sem prófessor í myndlist 1. ágúst 2008.

Katrín Sigurðardóttir hóf samtímis störf sem prófessor í myndlist í hálfu starfshlutfalli. Starf Katrínar hefur færst upp í fullt starfshlutfall frá og með þessu skólaári.

Anna Líndal lét af störfum s.l. sumar eftir 9 ára starf við skólann sem prófessor í myndlist.

Háskólakennarar í tónlist:

Kjartan Ólafsson, prófessor í tónsmíðum, og Gunnar Kvaran, prófessor í kammertónlist og strengjaleik, voru báðir endurráðnir til þriggja ára frá og með 1. ágúst 2008.

Árni Heimir Ingólfsson lét af störfum sem dósent í tónlistarfræðum þann 1. ágúst s.l. eftir að hafa verið í tveggja ára leyfi frá störfum.

Háskólakennarar í hönnunar- og arkitektúrdeild:

Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor í vöruhönnun, var endurráðin til þriggja ára frá og með 1. ágúst 2008. Síðasta skólaár gegndi hún rannsóknarstörfum fyrir skólann auk þess að hafa yfirumsjón með sinni braut.

Guðmundur Oddur Magnússon var endurráðinn prófessor í grafískri hönnun til þriggja ára frá og með 1. ágúst s.l.

Halldóra Ísleifsdóttir var ráðin lektor í grafískri hönnun til þriggja ára frá og með 1. ágúst s.l.

Sigrún Birgisdóttir var ráðin lektor í arkitektúr til þriggja ára frá og með 1. ágúst s.l.

Nýir fagstjórar skólaárið 2007 – 08:

Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir tók við starfi fagstjóra í fræðigreinum myndlistar á síðasta skólaári.

Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir sinnti störfum fagstjóra í vöruhönnun skólaárið 2008 – 09 í fjarveru Sigríðar Sigurjónsdóttur, prófessors. Guðfinna lét af störfum fagstjóra 1. ágúst s.l.

Stefán Jónsson tók við starfi fagstjóra á leikarabraut þann 1. ágúst 2008.

Nýir aðjúntar:

Vigdís Jakobsdóttir hóf störf sem aðjúnt í 40% starfshlutfalli við nýstofnaða listkennsludeild.

Ásthildur Jónsdóttir hóf störf á sama tíma í 45% starfshlutfalli við sömu deild.

Aðrir starfsmenn:

Svanborg Matthíasdóttir hóf störf sem deildarfulltrúi listkennsludeildar þann 1. ágúst s.l.

Sigrún Harðardóttir tók við starfi umsjónarmanns vídeóvers frá og með 1. ágúst 2008.

Ingibjörg Kristinsdóttir, námsráðgjafi, var ráðin í starf námsráðgjafa skólans í 50% starfshlutfalli frá og með 1. ágúst 2008.

Huginn Þór Arason leysti af í fæðingarorlofi starfsmanns bókasafns á síðasta skólaári.

Volker Opitz lét af störfum sem starfsmaður tölvusviðs þann 1. des. 2008. Bjarni Þórisson tók við hans starfi.

Rós Pétursdóttir lét af störfum sem starfsmaður við afritun hljómplatna plötusafns Halldórs Hansen í lok síðasta skólaárs.

Verkefnisstjórar: Hrund Gunnsteinsdóttir, forstöðumaður Prisma-náms, Daníel Björnsson, verkefnisstjóri við Hugmyndahús háskólanna.

Húsnæði og framkvæmdir:

Listaháskólinn starfar aðallega á þremur stöðum í borginni, þ.e. í Laugarnesi, Skipholti og að Sölvhólsgötu. Alls um 10.200 m². Umreiknað gagnvart fjölda nemenda þá eru að meðaltali 22,7 m² á nemanda. Vegna fjölgunar nemenda frá árinu þar á undan er þetta meðaltal talsvert lægra en það var áður.

Þá hefur skólinn á leigu Skemmtihúsið við Laufásveg og leigir ásamt með Háskólanum í Reykjavík húsnæðið að Grandagarði 2 fyrir Hugmyndahús háskólanna. Þá fékk skólinn lánað án endurgjalds húsnæði í Kópavogi fyrir rekstur Prisma-námsins, sem skólinn hefur rekið í tveimur lotum ásamt með Háskólanum á Bifröst.

Mestu framkvæmdir við húsnæði skólans voru í Laugarnesi þar sem innréttað var síðastliðið sumar 300 m² rými á 2. hæð fyrir vinnustofur nemenda í myndlist, sem teknar voru í notkun nú í haust. Þar var um að ræða tilfærslu vegna stækkunar húsnæðis fyrir nýstofnaða listkennsludeild.

Opni listaháskólinn:

Alls voru haldnir undir merkjum Opna listaháskólans 36 opnir fyrirlestrar á síðasta starfsári, 21 um myndlist, og 15 um hönnun og arkitektúr. Fyrirlestrarnir voru skipulagðir af viðkomandi deildum. Ekki teljandi önnur starfsemi var rekin undir hatti Opna listaháskólans á síðasta skólaári.

Ársreikningur 2008 – 2009:

Ársreikningur fyrir starfsárið 2008 – 2009 var samþykktur á fundi stjórnar skólans 22. september síðastliðinn.

Tekjur voru alls kr. 821.898.265 og rekstrarkostnaður kr. 815.768.609. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði var þannig kr. 6.129.656. Að teknu tilliti til fjármagnsliða kemur reksturinn út í hagnaði sem nemur kr. 1.538.691. Árið þar áður kom reikningurinn út að teknu tilliti til fjármagnskostnaðar með tapi sem nam kr. 393.852. Heildarvelta á milli ára hefur vaxið um ca. 16%.

Samkvæmt efnhagsreikningi 31. júlí s.l. er eigið fé skólans neikvætt um 38.7 milljónir. Þar munar mestu um banakalán sem tekið var á árunum 2001 – 02 til að fjármagna stofnun og uppbyggingu hönnunardeildar og tónlistardeildar. Skuldir hafa verið greiddar hratt niður á

síðustu árum og að óbreyttu verða þær uppgreiddar innan 5 ára. Fjárframlög menntamálaráðuneytis tóku ekki mið af þessari uppbyggingu.

Skólinn lagði fram stofnfé í formi víkjandi láns til reksturs Hugmyndalistar ehf. í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, samtals 10 milljónir króna.

Í ársreikningi er vakin athygli á því að samningur við menntamálaráðuneytið um rekstur skólans rann út 31. júlí síðastliðinn.

Endurskoðendur Listaháskólans er endurskoðunarstofan Deloitte hf.

Dansmennt ehf. / Listdansskóli Íslands:

Dansmennt ehf., er einkahlutafélag í eigu Listaháskólans. Félagið hefur það eina hlutverk að reka Listdansskóla Íslands, sem áður var rekinn á vegum ríkisins. Skólaárið 2008 – 09 var þriðja starfsár Listdansskólans undir stjórn Dansmenntar. Lára Stefánsdóttir tók við starfi skólastjóra af Lauren Hauser síðastliðið vor. Jóna Finnsdóttir er rekstrarstjóri.

Rekstur Listdansskólans hefur gengið eftir væntingum, og starfsemin öflug. Afkoman í rekstri á síðasta skólaári gefur þó til kynna að þrengist að rekstrinum. Samningur við menntamálaráðuneyti um reksturinn er runninn út og er beðið eftir afstöðu ráðuneytisins til áframhaldandi samstarfs.

Helstu málin skólaárið 08- 09:

- Undirbúningur nýbyggingar við Laugaveg: úrslit samkeppni, tillögur fyrir Skipulagsráð Reykjavíkur, kynningar á vinningstillögu, fundir með almenningsamtökum, opnar kynningafundir.
- Stefnunótun 2008 – 2012 og framtíðarsýn; lögð fyrir menntamálaráðherra 22. sept. 2008:
 - a) Endurskilgreining á hlutverki skólans.
 - b) Endurskilgreiningar á stefnumiðum.
 - c) Áætlun um námsbrautir og uppbyggingu náms.
 - d) Áætlun um fjölda nemenda eftir námsbrautum og námsstigum.
 - e) Skilgreining á rannsóknarhlutverki skólans og tillaga að rannsóknarstefnu.
 - f) Breytingar á skipulagi stjórnsýslu.
 - g) Markmið um tengsl skólans við samfélagið.
 - h) Áætlun um nýbyggingu.
- Endurnýjun fyrirbyggjandi stefnumótunar í ljósi breyttra aðstæðna í samfélaginu og fyrirsjáanlegum niðurskurði á framlögum ríkisins, verk í vinnslu.
- Stofnun listkennsludeildar og meistaranáms í listkennslu. Tók til starfa 1. ágúst 2009.
- Stofnun tveggja námsbrauta í tónlistardeild: meistaranám í tónsmíðum (tók til starfa 1. ágúst 2008), námsbraut í samvinnu við evrópska tónlistarháskóla, Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf (tilraunaverkefni, hófst 1. ágúst 2008).
- Undirbúningur tillagna um námsbrautir á meistarastigi: arkitektúr, hönnun, myndlist, “deiglan,” leikaranám, hljóðfærakennsla/söngkennsla. Verk í vinnslu. Skil janúar 2010.

- Endurskoðun stjórnsýslu og breytingar á skipulagi yfirstjórnar. Nýtt skipulag tók gildi 1. ágúst 2009
- Skilgreiningar á störfum kennara og hlutföllum starfsþátta. Undirbúningur að starfsáætlunum.
- Endurnýjun heimasíðu skólans: breytt uppsetning, endurnýjun efnis, viðbótarefni, ritstýring.
- Könnun á viðhorfum útskrifaðra nemenda, des. 2008. Endurtekin des. 2009.
- Verkefni til mótvægis auknu atvinnuleysi og til eflingar skapandi atvinnugreinum:
 - a) *Prisma* – nám: þverfaglegt nám í samvinnu við Háskólann á Bifröst.
 - b) *I am Innovation*: vefsvæði fyrir grasrótarfrumkvæði í nýsköpun í samvinnu við Háskólann í Reykjavík
 - c) *Hugmyndahús háskólanna*: vettvangur fyrir frumkvöðla og nýsköpun í samvinnu við Háskólann í Reykjavík.
- Uppstokkun og endurskipulagning háskólakerfisins: þátttaka í vinnu á vegum menntamálaráðuneytisins og innan samstarfsnefndar háskólastigsins. Rektor með sæti í verkefnisstjórn vísinda- og háskólamála, skilagrein 25. maí 2009.
- Viðræður um stofnun nýs háskóla með sameiningu Listaháskólans, Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík. Ályktun stjórnar 23. júní 2009.

Önnur mál, s.s:

- Ráðstefna um listrannsóknir: 3.- 4. október 2008.
- Ferð starfsmanna til Norðurlands 6.- 8. nóv. 2008.
- Háskólafundur, haldinn 2. júní 2009: kynning á niðurstöðum könnunar á meðal brautskráðra nemenda, skýrslur um háskóla- og vísindamál.
- Útskrift og útskriftarhátíð haldin 30. maí í Borgarleikhúsinu.
- Undirbúningur afmælishátíðar skólans 10. sept. 2009.
- Fundir rektors með nemendum: alls 13 fundir á tímabilinu 3. – 18. febrúar 2009. Skýrslur frá fundum birtar á innri vef skólans.
- Ýmis kynningarmál, s.s. Opinn dagur 31. okt., og Kynningardagur háskólanna 21. febrúar.
- Kennslumat: yfirferð og eftirfylgni í lok hverrar námsannar.
- Skipulag inntöku og skipan inntökunefnda.
- Endurnýjun skólareglna fyrir skólaárið 09 – 10.
- Endurskoðun lýsinga á verkferlum í Gæðahandbók skólans.
- Starfsmannamál: ráðningar og kjör, starfsmannaviðtöl.
- Einstök nemendamál.
- Endurskoðun húsaleigusamninga.
- Starfsemi Menntasjóðs. Úthlutað einu sinni á hvorri námsönn.
- Starfsemi Styrktarsjóðs Halldórs Hansen.
- Rekstur Dansmenntar ehf. / Listdansskóla Íslands.
- Heimsóknir gesta / móttökur.
- Samstarf við aðra íslenska háskóla / Samstarfsnefnd háskólastigsins.
- Samstarf við listaháskóla erlendis, m.a. heimsókn í 5 listaháskóla í Helsinki ásamt með framkvæmdastjóra 9.-11. mars 2009.
- Samstarf við listastofnanir.
- Ráðgjöf og samráð við stjórnvöld.
- Ýmis samstarfsverkefni, sbr. yfirlit í júní 2009 (alls 43 verkefni).

Helstu verkefni framundan:

- Skilgreining á stöðu Listaháskólans innan háskólakerfisins, sbr. úttektir og skýrslur menntamálaráðuneytis og viðræður stjórnvalda við stjórnendur íslenskra háskóla.
- Endurnýjun fyrirbyggjandi stefnumótunar í ljósi breyttra aðstæðna í efnahagslífi þjóðarinnar og niðurskurði í ríkisframlögum.
- Viðræður við menntamálaráðuneyti um framlengingu rekstrarsamnings til eins árs, og nýjan rekstrarsamning um kennslu og rannsóknir frá og með 1. ágúst 2010.
- Endurskoðun reiknilíkans fyrir námsbrautir Listaháskólans.
- Samvinna við menntamálaráðuneyti um eftirfylgni viðurkenningar frá 2007, gerð sjálfsmatsskýrslu (skiladagur 15. janúar 2010).
- Endurskoðun innra gæðakerfis í samræmi við skilgreiningar sem nú eru í vinnslu hjá stjórnvöldum fyrir starfsemi háskólanna.
- Gerð siðareglna.
- Reglur um gerð og framsetningu lokaverkefna nemenda.
- Tillögur um námsbrautir á meistarastigi, skil janúar 2010.
- Auglýsingar og ráðningar í störf háskólakennara í leiklistardeild (leiktúlkun og dans) og í arkitektúr.
- Nýbygging Listaháskólans: ákvarðanir um næstu skref í ljósi breyttra viðhorfa og aðstæðna í efnahagslífi þjóðarinnar.
- Rannsóknir: efla rannsóknarvirkni kennara; halda áfram uppbyggingu rannsóknarþjónustu; þróa mælistikur fyrir rannsóknir á sviðum lista; ljúka gerð rannsóknarstefnu; skipuleggja útgáfumál.
- Halda áfram uppbyggingu bókasafns til stuðnings meistaranámi innan skólans.
- Halda áfram endurnýjun á búnaði og tækjum á verkstæðum skólans.
- Efla samráð við lista- og menningarstofnanir.
- Móta framtíðarstefnu fyrir Opna listaháskólann með áherslu á framboð endurmenntunar fyrir listafólk og listkennara,

HHR 25.11.09

